



Árnesi, 18 maí, 2020

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202005-0004

9. Fundargerð skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps Leikholt

Viðstaddir

Anna Kr. Ásmundsd., Anna María Flygenring, Ástráður Unnar Sigurðsson, Einar Bjarnason, Elín Anna Lárusdóttir, Helga Guðlaugsdóttir, Ingvar Þrándarson, Gestur Einarsson, fulltrúi foreldra.

Anna Kr. Ásmundsdóttir ritar fundargerð.

Fundargerð

* * *

1. Leikskóladagatal 2020-2021

Elín Anna fer yfir leikskóladagatalið. Aukastarfsdagur sem settur hafði veri í maí 2020, færast yfir í maí 2021 (námsferð). Lokun í 25 virka daga yfir sumartímann.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið.

2. Starfsáætlun 2019-2020

Elín Anna fer yfir starfsáætlun.

Skólanefnd samþykkir starfsáætlun.

3. Aðgerðir í Leikholti vegna samkomubanns í mars og apríl 2020

Elín Anna fer stuttlega yfir aðgerðir vegna samkomubanns. Mjög mikil vinna sem lá í aðgerðum vegna samkomubanns. Opið fyrir öll börn, alla daga.

Skipt upp í 7 hópa sem máttu koma í einu að afhenda og sækja börn.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með úrlausnir og dugnað starfsmanna við að halda skólanum opnum á tímum samkomubannsins.

4. Staða í maí og júní - börn og starfsmenn

36 börn vistuð í maí. Ekki hægt að taka við fleiri börnum eins og er, miðað við starfsmannafjölda.

Reiknað er með að í haust verði börnin 32. Að auki geta nemendur sem eru að byrja í grunnskóla, komið í leikskólann þangað grunnskólinn verður settur.

Í janúar 2021 verður fjöldinn orðinn 37.

5. Áætlun fyrir haustið 2020

Ekki þarf að auglýsa eftir starfsmönnum fyrir næsta skólaár. Stöðugildin eru 9,7. Starfsmenn eru 16.

Handwritten signatures: I.p, HGT, SAL¹, and others.



6. Framkvæmdir á húsnæði

Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvort farið verði í fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu ári.

Elín Anna ítrekar að ljúka þurfi hönnunarferlinu sem fyrst.

Starfsmenn vilja koma ákveðnum hugmyndum á framfæri í hönnunarferlinu og munu funda með sveitarstjóra og fulltrúum sveitarstjórnar á næstunni.

Lyftu þarf að lagfæra hið fyrsta og er komið í ferli.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.10. Næsti fundur ákveðinn í ágúst.

Ingvar Þjárnason

Ingvar Þrándarson

Elín Anna Láraudóttir

Helga Guðlaugsdóttir

Anna María Flygenring

Þórunn Einarsson

Ástráður Unnar Sigurðsson

Jóna K. Jónsdóttir